



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Miðbær Hafnar



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR 1:15.000

GREINARGERÐ

Inngangur

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar leggur til að breyting verði gerð á gildandi aðalskipulagi sem felur í sér að miðsvæði á Höfn (M1) stækkað til austurs sem nemur lóð Álaugarveg 2 og athafnasvæði minnkar að sama skapi. Lega þjóðvegur breytist og þarf að fjarlægja mannvirki svo af því geti orðið. Markmið með aðalskipulagsbreytingunni er að skapa heilstætt miðsvæði sem tengir saman atvinnusvæðin, íþróttamannvirkin, skólana og Hafnarbrautina við höfnina. Byggingar á svæðinu verða fjarlægðar eða verður gefið nýtt hlutverk.

Fyrirliggjandi stefna

Breytingin er í samræmi við stefnu sem sett er fram í gildandi aðalskipulagi um miðbæjarsvæði en þar segir að við skipulag og byggingu svæðisins skal leggja áherslu á að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar, fylla í bæjarmyndina svo hún verði samfelld.

Með breytingunni stækkað miðbæjarsvæði Hafnar og byggingum sem ekki þjóna lengur upphaflegum tilgangi breytt á þann hátt að það eykur fjölbreytni og styrkir menningarlíf sveitarfélagsins. Með blöndu af atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði skapast lifandi miðbæjarkjarni.

Deiliskipulag

Álaugarvegur 2 er innan deiliskipulags frá 2013 sem heitir Hafnarsvæðið við Krossveg.

Samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari verður gerð breyting á gildandi deiliskipulagi, afmörkun þess breytt og nýtt deiliskipulag sem tekur yfir lóðirnar Víkurbraut 5, Álaugarveg 2 og Heppuveg 5 og 7 auglýst.

Fornminjar

Á svæðinu eru ekki þekktar fornminjar en skráning svæðisins var unnin 2020.

Breyting á aðalskipulagi

Gerð er breyting á þéttbýlisupprætti Höfn/Nesjahverfi og greinargerð aðalskipulagsins.

Á aðalskipulagsupprætti er athafnasvæðið AT1 minnkað en miðsvæðið M1 stækkað. Stækkunin nemur um 0,6 ha. M1 stækkað og verður 15,5 ha og AT1 minnkar að sama skapi. Lega stofnvegur gegnum bæinn færast til vesturs.

Í greinargerð kafa 15 Miðsvæði (M) eru ákvæði um uppbyggingu svæða:

Gildandi skilmálar:

Meðfram Víkurbraut, frá Hafnarvík að Bugðuleiru er svæði fyrir verslun, þjónustu, hreinlega atvinnustarfsemi (sbr. skilgreiningu á starfsemi á „athafnasvæði (AT)) og menningarstarfsemi.

Breyttir skilmálar:


Meðfram Víkurbraut, frá Hafnarvík að Bugðuleiru er svæði fyrir verslun, þjónustu, hreinlega atvinnustarfsemi og menningarstarfsemi. Við Álaugarveg 2, Víkurbraut 5 og Heppuveg 5 og 7 er heimilt að byggja fjölbreytta verslun- og þjónustu ásamt íbúðarbyggð með leik- og torgsvæðum. Byggingar skulu vera á 2-4 hæðum auk bílastæðakjallara.

Umhverfisáhrif

Breytingin fellur undir lög nr. 111/2021. Breyting á samfélag er metin jákvæð þar sem áhrif verða á íbúðarþróun, þjónustu og efnahag. Áhrif á loftslag og loftgæði eru metin óveruleg þar sem verið er að blanda saman íbúðum og þjónustu miðsvæðis sem gerir það að verkum að draga úr notkun einakabilsins. Áhrif á minjar eru óveruleg þar sem engar minjar eru þekktar á svæðinu.

Málsmeðferð og umsagnir

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagslýsingin var kynnt í október 2023 og bærust umsagnir frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun.



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR 1:15.000

SAMPYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulagsnefnd þann 20. mars 2024

og í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 16. júlí 2024

Lýsingin var auglýst frá 19.10.2023 með athugasemdafresti til 2.11.2023.

Tillagan var auglýst frá 22. maí 2024 með athugasemdafresti til 3. júlí 2024

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar


Elin RITA SVEINBJÖRNSSON




Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

20. ágúst 2024

Andrianna Lára Sveinbjörnsdóttir



AÐALSKIPULAG Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030
Miðbær Hafnar
Breyting á aðalskipulagi

VERK: 108796
BLAÐSTÆRÐ: A3
UNNIÐ: AB
RYNT: ÁJ

MÆLIKVARDI: 1:15.000
DAGS: 05.03.2024
DAGS.BREYTT:

SAMPYKKT: